

Málsnr: R19030147
Skjalasafn Ráðhúss
14 mars 2019
Bréfalykill 21351



Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 11. mars 2019
Tilv.: HRN19011273/04.50

Efni: Uppbygging hjúkrunarrýma í Reykjavík

Með vísun til yfirstandandi framkvæmdaáætlunar um uppbyggingu hjúkrunarheimila á landinu, hefur sérstök áhersla verið lögð á höfðuborgarsvæðið enda er mesta þörfin fyrir fjölgun hjúkrunarrýma þar.

Framkvæmdir við hjúkrunarheimilið við Sléttuveg í Reykjavík eru vel á veg komnar, nýtt hjúkrunarheimili var vígt á Seltjarnarnesi í febrúar og í Hafnarfirði verður opnað nýtt hjúkrunarheimili í vor auk þess sem áætlun er um að fjölga þar enn rýmum á næstu misserum. Í Kópavogi eru framkvæmdir að fara aftur af stað eftir tafir og í Mosfellsbæ hefur verið ákveðið að byggja við núverandi hjúkrunarheimili.

Mikil þörf er á frekari fjölgun hjúkrunarrýma og því óskar heilbrigðisráðuneytið hér með eftir viðræðum við Reykjavíkurborg hið fyrsta, um uppbyggingu allt að 200 hjúkrunarrýma í borginni á næstu fimm árum.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Guðlín Steinsdóttir


Sveinn Bragason